

**DAGS. [•]<sup>1</sup> 2021**

**HEIMSTADEN EHF. (SEM LÁNTAKI)**

og

**A/F HEIM SLHF. (SEM LÁNVEITANDI)**

**LÁNSSAMNINGUR – SELJANDALÁN**

---

<sup>1</sup> Samningur verður dags. eigi síðar en 3 dögum fyrir uppgjör viðskipta við fjárfesta.

## EFNISYFIRLIT

|     |                                                     |    |
|-----|-----------------------------------------------------|----|
| 1.  | SKILGREININGAR OG TÚLKUN.....                       | 1  |
| 2.  | LÁNIÐ .....                                         | 3  |
| 3.  | LÁNTÖKUGJALD, ÞÓKNANIR OG GREIÐSLA KOSTNAÐAR.....   | 3  |
| 4.  | ENDURGREIÐSLA .....                                 | 4  |
| 5.  | VEXTIR .....                                        | 5  |
| 6.  | VERÐTRYGGING .....                                  | 5  |
| 7.  | UPPLÝSINGAKVAÐIR .....                              | 6  |
| 8.  | ALMENNAR KVAÐIR.....                                | 6  |
| 9.  | FJÁRHAGSLEGAR KVAÐIR .....                          | 7  |
| 10. | SÉRSTAKAR KVAÐIR.....                               | 8  |
| 11. | SKÝRSLA UM FJÁRHAGSLEGAR- OG SÉRSTAKAR KVAÐIR ..... | 8  |
| 12. | TRYGGINGAR.....                                     | 8  |
| 13. | YFIRLÝSINGAR LÁNTAKA .....                          | 9  |
| 14. | VANEFNDATILVIK.....                                 | 9  |
| 15. | FRAMSAL .....                                       | 11 |
| 16. | SAMÞYKKI FYRIR BIRTINGU UPPLÝSINGA.....             | 11 |
| 17. | GILDI LÁNSSAMNINGSINS .....                         | 11 |
| 18. | ANNAÐ.....                                          | 11 |
| 19. | LÖG OG VARNARÞING.....                              | 11 |
|     | FYLGISKJAL I .....                                  | 13 |
|     | FYLGISKJAL II.....                                  | 14 |
|     | FYLGISKJAL III.....                                 | 15 |
|     | FYLGISKJAL IV .....                                 | 22 |
|     | FYLGISKJAL V. ....                                  | 27 |

Lánssamningur þessi („*lánssamningurinn*“) er gerður þann [•]<sup>2</sup> 2021.

## AÐILAR

- (1) **Heimstaden ehf.**, kt. 440315-1190, Lágmúla 6, 108 Reykjavík („*lántaki*“); og
- (2) **A/F HEIM slhf.**, kt. 490321-0120, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík („*lánveitandi*“).

Hér eftir kann að vera vísað til aðilanna sem nefndir eru í (1) - (2) að ofan sameiginlega sem „*aðila*“.

## AÐILAR HAFA SAMIÐ UM eftirfarandi:

### 1. SKILGREININGAR OG TÚLKUN

- 1.1. Ef annað leiðir ekki skýrlega af samhenginu, hafa eftirfarandi hugtök, sem aðgreind eru með skáletrun, þá merkingu í *lánssamningnum* sem þeim er gefin hér að neðan:

„*CA reikningurinn*“ merkir reikning nr. 0565-26-143020 hjá T Plús hf.

„*Dagvísitala*“ hefur þá merkingu sem hugtakinu er gefin í grein 6.3.

„*Eiginfjárlutfall*“ merkir heildar eigið fé *lántaka* á móti heildareignum *samstæðu lántaka*.

„*Langtíma seljandalánið*“ merkir samning um seljandalán, dags. [•]<sup>3</sup> 2021, að upphaflegri höfuðstólsfjárhæð [•]<sup>4</sup> krónur, sem *lánveitandi* veitir *lántaka* í tengslum við kaup *lántaka* á skuldabréfum í skuldabréfaflokknum HEIMA071248, sem er með lokagjaldddaga þann 7. desember 2048.

„*Lánaþekja*“ merkir hlutfall uppgreiðsluverðmætis útistandandi *veðtryggðra krafna* gagnvart verðmæti hinna veðsettu eigna, samkvæmt verðmati í samræmi við fylgiskjal I.

„*Lánið*“ hefur þá merkingu sem hugtakinu er gefin í grein 2.1.

„*Lokagjaldddagi*“ hefur þá merkingu sem hugtakinu er gefin í grein 4.1.

„*Lykileignir*“ merkir þær fasteignir sem tilgreindar eru í fylgiskjali II við *lánssamninginn*.

„*Prófunardagar*“ merkir prófunardaga vegna *eignfjárlutfalls*, *lánaþekju* og *vaxtaþekju* sem skulu vera 30. júní og 31. desember á hverju ári til *lokagjaldddaga* þar sem fyrsti prófunardagur er 31. desember 2021.

„*Rekstrarhagnaður*“ merkir brúttó leigutekjur, sem eru greiddar vegna veðandlagsins, að frádregnum: (i) *rekstrarkostnaði*, þ.m.t. gjöld vegna lóða og fasteigna fyrir viðeigandi tímabil; og (ii) umsýslukostnaði vegna fasteigna fyrir sama tímabil. Þessi skilgreining tekur ekki til matsbreytingar fasteigna.

„*Rekstrarkostnaður*“ merkir eftirtalda kostnaðarliði:

- a) fasteignagjöld og hvers konar opinber gjöld;
- b) kostnaður vegna lóðar og hinnar leigðu fasteignar sem greiðist til þriðja aðila;
- c) kostnaður vegna skylduvátrygginga;

---

<sup>2</sup> Samningur verður dags. eigi síðar en 3 dögum fyrir uppgjör viðskipta við fjárfesta.

<sup>3</sup> Samningur verður dags. eigi síðar en 3 dögum fyrir uppgjör viðskipta við fjárfesta.

<sup>4</sup> Endanleg höfuðstólsfjárhæð verður uppreiknuð m.v. uppgjörsdag.

- d) kostnaður vegna viðgerða, viðhalds og endurnýjunar fasteignanna, þar á meðal launakostnað því tengdan; og
- e) kostnaður vegna rafmagns, vatns, hita, olíu, gass, skólps, hreingerninga, snjómoksturs og söndunar, svo og aðra svipaða kostnaðarliði er tengjast fasteignunum.

„**Samningur við staðfestingaraðila**“ merkir samning við *staðfestingaraðila*, milli *staðfestingaraðila*, *lánveitanda* og *lántaka*, dags. [•]<sup>5</sup> 2021.

„**Samstæða lántaka**“ merkir *lántaka* og dótturfélög hans á hverjum tíma.

„**Sjálfskuldarábyrgðin**“ merkir samning, dags. [•]<sup>6</sup> 2021, milli *lánveitanda* og Heimstaden AB (publ), skráð undir númerinu: 556670-0455, skráð til heimilis að Östra Promenaden 7 A, 211 28 Malmö, Svíþjóð, þar sem Heimstaden AB (publ) tekur á sig sjálfskuldarábyrgð fyrir öllum skuldum *lántaka* samkvæmt *lánssamningnum* og *langtíma seljandalánninu* (auk seljandaláns sem *lánveitandi* veitir *lántaka* í tengslum við kaup á skuldabréfum í skuldabréfaflokknum HEIMA100646).

„**Staðfestingaraðili**“ merkir PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík í hlutverki sínu sem staðfestingaraðili, samkvæmt *samningi við staðfestingaraðila* (eða þann aðila sem síðar kann að taka við því hlutverki) en hlutverk hans er að fara yfir og staðfesta forsendur og útreikninga í skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, eins og nánar er kveðið á um í *samningi við staðfestingaraðila*.

„**T Plús hf.**“ merkir T Plús hf., kt. 531009-1180, Skipagötu 9, 600 Akureyri.

„**Tryggingarbréf**“ merkir:

- a) tryggingarbréf, dags. [•]<sup>7</sup>, að upphaflegum höfuðstól kr. [18.500.000.000]<sup>8</sup>, bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu útgáfumánaðar tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti í fasteignunum sem tilgreindar eru í fylgiskjali III;
- b) tryggingarbréf, dags. [•], að upphaflegum höfuðstól kr. [18.500.000.000], bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu útgáfumánaðar tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti í fasteignunum sem tilgreindar eru í fylgiskjali IV;
- c) tryggingarbréf, dags. [•], að upphaflegum höfuðstól kr. [18.500.000.000], bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu útgáfumánaðar tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti í fasteignunum sem tilgreindar eru í fylgiskjali V;

og sérhvert annað tryggingarbréf, sem síðar kann að koma til, sem *veðsalar* gefa út og sem tryggja skilvísa og skaðlausa greiðslu *lánsins* og *langtíma seljandalánsins*.

„**Upprunalegu skuldabréfin**“ merkir öll útgefin skuldabréf í skuldabréfaflokknum HEIMA071225 (ISIN: IS0000030799).

„**Útgáfudagur**“ hefur þá merkingu sem hugtakinu er gefin í grein 2.2.

„**Vanefndatilvik**“ hefur þá merkingu sem hugtakinu er gefin í grein 14.1.

„**Vaxtapekja**“ merkir hlutfall rekstrarhagnaðar á móti vöxtum af *veðtryggðu kröfunum* á sama tíma.

---

<sup>5</sup> Samningur verður dags. eigi síðar en 3 dögum fyrir uppgjör viðskipta við fjárfesta.

<sup>6</sup> Samningur verður dags. eigi síðar en 3 dögum fyrir uppgjör viðskipta við fjárfesta.

<sup>7</sup> Dagsetning tryggingarbréfa liggur fyrir síðar þegar þau verða gefin út og rétt dags. færð inn hér.

<sup>8</sup> Endanleg fjárhæð verður uppreiknuð miðað við breytingar á vísitölu frá útgáfu upprunalegra tryggingarbréfa til dags. uppgjörs við fjárfesta og færð inn fyrir undirritun

„**Veðsalar**“ merkir *lántaka* og þau dótturfélög *lántaka* sem sett hafa eignir að veði samkvæmt tryggingarbréfum og/eða *veðsamningi* til tryggingar á skuldum *lántaka* samkvæmt *lánssamningnum* og *langtíma seljandaláninu* (nema ef dótturfélögin hafa verið sameinuð *lántaka* en þá merkir það bara *lántaka*), og aðra aðila sem kunna að gerast veðsalar síðar.

„**Veðsamningur**“ merkir sérhvern samning milli *lánveitanda* og *veðsala* um veðsetningu innstæðna á bankareikningum og/eða VS-reikningum, sem ætlað er að tryggja skilvísa og skaðlausa greiðslu lánsins og *langtíma seljandalánsins*.

„**Veðtryggðar kröfur**“ merkir allar skuldbindingar samkvæmt *lánssamningnum* og *langtíma seljandaláninu*.

„**Verðtryggingarvísitalan**“ hefur þá merkingu sem hugtakinu er gefin í grein 6.1.

„**Vextir**“ í sambandi við útreikning á *vaxtaþekju* merkir;

- a) greidda vexti;
- b) aðrar fjárhæðir sem geta talist til vaxta, til að mynda áfallnir vextir;
- c) kostnað vegna endurgreiðslu eða fyrirframgreiðslu *veðtryggðra krafna*;
- d) umsýslukostnað og lántökukostnað, dreift yfir áætlaðan líftíma viðeigandi fjármálagernings; og
- e) upphæðir sem eru gjaldfærðar eða tekjufærðar vegna munar á söluverði og nafnvirði hvers konar fjármálagerninga, dreift yfir áætlaðan líftíma viðeigandi fjármálagernings.

„**vörslureikningurinn**“ merkir vörslureikning *lánveitanda* hjá T Plús hf., sem við undirritun *lánssamningsins* er vörslureikningur nr. 0565-26-143150.

## 2. LÁNID

- 2.1. Með þeim skilmálum sem greinir í *lánssamningnum* tekur *lántaki* að láni og *lánveitandi* lánar kr. [•]<sup>9</sup> („*lánið*“).
- 2.2. Andvirði *lánsins* telst sjálfkrafa greitt út í einu lagi til *lántaka* við móttöku *upprunalegu skuldabréfanna* af hálfu *lánveitanda* („*útgáfudagur*“) og er það seljandalán vegna kaupa *lántaka* á *upprunalegu skuldabréfunum* af *lánveitanda*. *Láninu* er því eingöngu varið til greiðslu kaupverðs *upprunalegu skuldabréfanna*.

## 3. LÁNTÖKUGJALD, ÞÓKNANIR OG GREIÐSLA KOSTNAÐAR

- 3.1. *Lántaki* skal greiða *lánveitanda* lántökugjald sem nemur kr. [•]<sup>10</sup>, sem skal greiðast með peningum inn á *vörslureikninginn*, eigi síðar en einum degi fyrir áætlaða útgreiðslu *lánsins*.
- 3.2. *Lántaki* skal greiða *lánveitanda* umsýsluþóknun sem skal vera á ársgrundvelli 0,12% af meðalstöðu skuldar *lántaka* samkvæmt *lánssamningnum* í lok dags yfir það tímabil sem rukkað er fyrir, þ.e. tekið er meðaltal af heildarfjárhæð útistandandi *láns* í lok hvers dags yfir það tímabil sem útreikningur nær til. *Lánveitandi* skal rukka *lántaka* um þóknunina hálfárslega m.v. 30. júní og 31. desember ár, í fyrsta sinn þann 31. desember 2021.
- 3.3. *Lántaki* skal greiða *lánveitanda* þóknun fyrir einstök verk samkvæmt *lánssamningnum* í samræmi við neðangreint:

---

<sup>9</sup> Endanleg höfuðstólsfjárhæð verður uppreiknuð m.v. uppgjörsdag.

<sup>10</sup> Fjárhæð lántökugjalds mun endurspegla þóknun sem sjóðurinn greiðir skuldabréfaeigendum.

- a) Föst þóknun fyrir alla vinnu *lánveitanda* í tengslum við sérhverja breytingu skv. 12 gr. og þinglýsingu og varðveislu gagna vegna slíkra breytinga, sem gerð er í tengslum við hvert veðsett fastanúmer á 30 daga tímabili skal vera 65.000 kr. auk virðisaukaskatts fyrir hvert tryggingarbréf. Séu fleiri en eitt fastanúmer á hverju tryggingarbréfi þá greiðist 45.000 kr. auk virðisaukaskatts fyrir 2. – 3. fastanúmerið, en 30.000 kr. auk virðisaukaskatts fyrir hvert fastanúmer eftir það. Þóknunin er óháð því hvort slík þjónusta náí til eins liðar eða fleiri undir ofangreindum verkliðum. Ef gerðar eru breytingar á öllum útistandandi tryggingarbréfum í viðkomandi veðsafni á hverjum tíma skal *lántaki* greiða *lánveitanda* þóknun að fjárhæð 30.000 kr. auk virðisaukaskatts fyrir hvert fastanúmer í viðkomandi veðsafni.
- b) Öll önnur vinna *lánveitanda* í tengslum við umsýslu varðandi *veðsamning* og *tryggingarbréf* skal greidd á tímagjaldi sem skal taka mið af gjaldskrá LEX ehf. á hverjum tíma með 10% afslætti.
- 3.4. *Lántaki* skuldbindur sig til að tryggja skaðleysi lánveitanda vegna alls beins tjóns, krafna, málaferla, kostnaðar, útgjalda, sekta, lögfræði- og annars sérfræðikostnaðar og þóknana, sem *lánveitandi* verður fyrir eða þarf að greiða og sem beint eða óbeint stofnast til í tengslum við rétt *lánveitanda* samkvæmt *lánssamningnum*, þ.m.t. tjón sem leiðir beint af vanefndum *lánveitanda* á sínum skuldbindingum gagnvart þriðja aðila sem leiðir beint af vanefndum *lántaka* samkvæmt *lánssamningnum*, enda hafi *lánveitandi* efnt skyldur sínar samkvæmt *lánssamningnum*.

#### 4. ENDURGREIÐSLA

- 4.1. Endurgreiðsluferill *lánsins* fylgir ekki líftíma þess en *lánið* ber að greiða að fullu með [•] greiðslum á eins mánaða fresti þannig að á fyrstu [•]gjaldddögunum skal greiðsla höfuðstóls vera með jafngreiðsluáðferð (e. annuity) til 28 ára með [•] greiðslum á eins mánaða fresti, í fyrsta sinn þann [•]. Á lokagjaldddaga þann [•]<sup>11</sup> („*lokagjaldddagi*“), eða á [•]. gjaldddaga *lánsins*, greiðast eftirstöðvar höfuðstóls, áfallinna vaxta og verðbóta.
- 4.2. Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana á fyrstu [•] gjaldddögunum:

$$A = \frac{r(1+r)^{k-1}}{(1+r)^n - 1} \times (h \times IR)$$

Þar sem:

A = fjárhæð hvernar afborgunar höfuðstóls

r = c/(fjöldi afborgana á hverju ári)

c = grunnvextir *lánsins*

h = höfuðstóll *lánsins*

n = heildarfjöldi afborgana af *láninu*

k = fjöldi greiddra afborgana af *láninu* + 1 (k = 0 á útgáfudegi, k = 1 á fyrsta gjaldddaga, o.s.frv.).

IR (Verðbótastuðull) =  $\frac{\text{Vísitala á gjaldddaga}}{\text{Grunnvísitala}}$ .

<sup>11</sup> Verður um 5 árum eftir að lánið telst veitt.

- 4.3. *Lántaka* er heimilt að umframgreiða *lánið* að hluta eða öllu leyti frá og með 7.1.2024 án umframgreiðslugjalds.
- 4.4. *Lántaki* skal greiða allar afborganir og vaxtagreiðslur af *láninu* inn á *CA reikninginn*. *Lántaki* er samþykktur því að hann losni ekki undan greiðsluskyldu sinni samkvæmt *lánssamningnum* nema greiðslur séu inntar af hendi inn á *CA reikninginn* með þeim fyrirmælum að *T Plús hf.* greiði allar slíkar greiðslur inn á vörslureikning *lánveitanda* hjá *T Plús hf.*, nema fyrirmæli berist frá *lánveitanda* um annan greiðsluhátt.

## 5. VEXTIR

### 5.1. Vaxtaprósentu

Af höfuðstól *lánsins*, eins og hann er á hverjum tíma, greiðast 3,20% fastir ársvextir.

### 5.2. Vaxtatímabil

Fyrsta vaxtatímabil *lánsins* hefst við *útgáfudag* þann [•] og lýkur þann [•]<sup>12</sup> á deginum fyrir upphafsdag annars vaxtatímabils. Eftir það skal hvert vaxtatímabil vera einn mánuður til *lokagjalddaga*.

### 5.3. Dagaregla

Útreikningur vaxta skal framkvæmdur miðað við dagaregluna 30/360 sem þýðir að 360 er deilt í fjölda daga hvers vaxtatímabils þar sem fjöldi daga er reiknaður á grunni þess að ár sé 360 dagar með 12 30 daga mánuðum.

### 5.4. Vaxtagjalddagar

Greiðsla vaxta skal vera á eins mánaða fresti allt fram til *lokagjalddaga*, í fyrsta sinn þann [•]<sup>13</sup>.

Ef gjalddagi vaxta lendir á degi þar sem bankar eru almennt lokaðir á Íslandi færast greiðsla vaxta til næsta dags á eftir þar sem slíkt á ekki við.

### 5.5. Dráttarvextir

Vanefni *lántaki* greiðslu afborgana eða vaxta af *láninu* ber honum að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags.

Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól *lánsins* á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir fyrsta dag vanskila.

## 6. VERÐTRYGGING

- 6.1. *Lánið* er bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á Íslandi gefin út af Hagstofu Íslands (einnig „*verðtryggingarvísitalan*“) og miðuð við grunnvísitölugildið [•], þann [•]<sup>14</sup>.
- 6.2. Höfuðstóll *lánsins* breytist í hlutfalli við breytingar á *verðtryggingarvísitölunni* frá grunnvísitölugildi fram til vísitölugildis (eins og tilgreint er hér að neðan) á fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á milli síðari gjalddaga.

---

<sup>12</sup> Verður stillt af m.v. uppgjörsdag.

<sup>13</sup> Verður stillt af m.v. uppgjörsdag.

<sup>14</sup> Vísitala útgáfumánaðar verður sett inn.

- 6.3. Vísitölugildi hvers gjalddaga er reiknað með línulegri brúun milli gildis *verðtryggingarvísitölunnar* („*dagvísitölu*“) sem gildir í þeim mánuði sem viðkomandi gjalddagi tilheyrir og gildis *verðtryggingarvísitölunnar* í næsta mánuði þar á eftir.
- 6.4. Eftirfarandi jafna skilgreinir útreikning hvers *dagvísitölugildis*:

$$V_d^* = V_M + \frac{d}{D} (V_{M+1} - V_M)$$

Þar sem:

M = sá mánuður sem gjalddagi tilheyrir

d = fjöldi daga frá upphafsdegi mánaðar M fram til gjalddaga, byggt á dagareglunni 30/360

D = fjöldi daga í mánuði M, byggt á dagareglunni 30/360

$V_d^*$  = *dagvísitala* á vaxtagjalddaga

$V_M$  = gildi *verðtryggingarvísitölunnar* í mánuði M

$V_{M+1}$  = gildi *verðtryggingarvísitölunnar* í næsta mánuði á eftir mánuði M.

## 7. UPPLÝSINGAKVAÐIR

- 7.1. *Lántaki* skuldbindur sig til að afhenda *lánveitanda* afrit þeirra skjala sem tilgreind eru í gr. 7.2 - 7.3 og skal *lánveitanda* heimilt að miðla slíkum upplýsingum á hvern þann hátt sem hann kys, þ.m.t. í gegnum miðla skipulagðs verðbréfamarkaðar.

### 7.2. Endurskoðaðir reikningar

Endurskoðaður ársreikningur fyrir *samstæðu lántaka* fyrir hvert fjárhagsár sem endar eftir *útgáfudag*, skal afhentur um leið og hann hefur verið samþykktur af stjórn *lántaka* og eigi síðar en 90 dögum eftir lok uppgjörstímabilsins, þar með talinn rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðsstreymi og skýringar við reikninga.

### 7.3. Árshlutareikningar

Árshlutareikningur *lántaka* fyrir fyrstu sex mánuði ársins fyrir hvern árshelming sem endar eftir *útgáfudag*, skal afhentur um leið og hann hefur verið samþykktur af stjórn *lántaka* og eigi síðar en 60 dögum frá lokum viðkomandi uppgjörstímabils, þar með talinn rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og sjóðsstreymi á samstæðugrundvelli. Árshlutareikningar skulu vera kannaðir af löggiltum endurskoðendum.

### 7.4. Staðfesting reikninga

Stjórn og framkvæmdastjóri *lántaka* skulu staðfesta hverju sinni að ofangreindir reikningar gefi í megindráttum skýra mynd af fjárhagslegri stöðu *lántaka* á þeim tíma sem þeir voru gerðir.

### 7.5. Form reikninga

*Lántaki* skal sjá til þess að ofangreindir reikningar séu hverju sinni útbúnir miðað við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru staðfestir af Evrópusambandinu á hverjum tíma.

## 8. ALMENNAR KVAÐIR

- 8.1. *Lántaki* skuldbindur sig til að hlíta þeim kvöðum sem tilgreindar eru í gr. 8.2 - 8.8 þar til skuld samkvæmt *lánssamningnum* er að fullu greidd:



## 8.2. Tilkynning um vanefndir

*Lántaki* skal tilkynna *lánveitanda* um hvers kyns vanefndir á skilmálum *lánssamningsins* og ásamt þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að bæta úr þeim (ef við á), um leið og hann verður þeirra var.

## 8.3. Greiðsla skatta

*Lántaki* skal greiða alla sína skatta á gjalddaga, nema að því gefnu að hann telji skattaálagningu umdeilanlega og fer með það í viðeigandi ágreiningsferli í góðri trú. Skal hann þá halda til haga fjárhæð sem talist gæti eðlileg samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu á hverjum tíma, til greiðslu slíkra umdeilda skatta.

## 8.4. Vátryggingar og greiðsla vátryggingargjalda

*Lántaki* mun sjá til þess að *veðsalar* muni vátryggja og halda vátryggðum öllum þeim veðandlögum sem er hægt að tryggja og almennt tíðkast að séu vátryggð gegn tjóni af völdum eldsvoða, auk hvers kyns öðrum hættum sem almennt er vátryggt gegn í starfsemi svipaðri þeirri sem *lántaki* hefur með höndum. Tryggja skal hjá viðurkenndum, sjálfstæðum tryggingarfélögum, og slíkar tryggingar skulu vera nægilegar að mati *lánveitanda*. *Lántaki* mun sjá til þess að *veðsalar* muni greiða öll iðgjöld á gjalddaga og gera hverjar þær aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að þær vátryggingar sem teknar hafa verið haldist í fullu gildi.

## 8.5. Endurskoðendur

Endurskoðendur *lántaka* skulu vera löggiltir endurskoðendur.

## 8.6. Breytingar á starfsemi

*Lántaki* skal sjá til þess að ekki verði gerðar neinar meiriháttar breytingar á almennri starfsemi sinni, eða *veðsala* frá því sem er á *útgáfudegi*. *Lántaki* skal sjá til þess að hann og aðrir *veðsalar* hafi ekki með höndum aðra starfsemi en meginstarfsemi þeirra félaga. Samruni *lántaka* við dótturfélög *lántaka* eða á milli dótturfélaga *lántaka* skulu þó teljast heimil.

## 8.7. Skattar og skuldajöfnuður

Allar upphæðir sem koma skulu til greiðslu frá *lántaka* vegna *lánssamningsins* skulu inntar af hendi án nokkurs frádráttar vegna skatta, skuldajafnaðar eða gagnkrafna.

## 8.8. Bann við veðsetningu á leigutekjum

*Lántaki* skuldbindur sig til að tryggja að *lántaki* og *veðsalar* veðsetji ekki leigutekjur þeirra fasteigna sem settar eru að veði samkvæmt *tryggingarbréfum*.

## 9. FJÁRHAGSLEGAR KVAÐIR

9.1. *Lántaki* skuldbindur sig til að hlíta þeim fjárhagslegu kvöðum sem tilgreindar eru í gr. 9.2 - 9.4.

### 9.2. Lánaþekja (e. Loan To Value Ratio)

Á *prófunardegi* skal *lánaþekja* ekki vera hærri en 70%.

### 9.3. Vaxtaþekja (e. Interest Coverage Ratio)

Á *prófunardegi* skal *vaxtaþekja* frá síðasta *prófunardegi* ekki vera lægri en 1,5.

### 9.4. Eiginfjárhlutfall

*Eiginfjárhlutfall* skal vera mælt á *prófunardegi* í heild fyrir *samstæðu lántaka* og skal að lágmarki nema 25%.

#### 9.5. Úrbætur vegna brota á fjárhagslegum skilyrðum

- a) Til úrbóta á *lánabekju* getur *lántaki* eða þriðji aðili bætt við eignum sem veðsettar eru til tryggingar *láninu* og *langtíma seljandaláninu* innan tilskilins frests.
- b) Til úrbóta á *vaxtabekju* og *eiginfjárlutfalli* getur *lántaki* bætt því við sem upp á rekstrartekjur og *eiginfjárlutfall* vantar, þannig að skilyrði um *vaxtabekju* og *eiginfjárlutfall* séu uppfyllt innan tilskilins frests.

#### 10. SÉRSTAKAR KVAÐIR

*Lántaki* skuldbindur sig til að hlíta eftirfarandi sérstöku kvöðum:

- a) 25% eignasafns að lágmarki skulu vera í Reykjavík, 40% í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu (þ.e. Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði eða Mosfellsbæ) og 35% utan höfuðborgarsvæðis, þ.e. á Akranesi, Akureyri, Suðurnesjum og Árborg, en við prófun á þessu skilyrði skal miða við bókfært virði eignanna; og
- b) að allar veðsettar fasteignir séu íbúðarhúsnæði.

#### 11. SKÝRSLA UM FJÁRHAGSLEGAR- OG SÉRSTAKAR KVAÐIR

- 11.1. Fyrir *útgáfudag* skal *lántaki* afhenda *staðfestingaraðila* skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, sbr. greinar 9.2 og 10, eins og nánar er mælt fyrir um í *samningi við staðfestingaraðila*.
- 11.2. *Lántaki* skal afhenda skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, sbr. greinar 9.2 og 10, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum ef *lántaki* hyggst óska eftir því við *lánveitanda* að gerðar verði breytingar á *tryggingarbréfum* og/eða *veðsamningi*, sem standa til tryggingar á *láninu*, þannig að veðsettar eignir verðir leystar úr veðböndum og/eða nýjar eignir veðsettar, sbr. gr. 12. Ef fyrirhuguð breyting varðar *lykileignir*, skal skýrslan sérstaklega tilgreina það og fela í sér upplýsingar um viðkomandi *lykileignir*.
- 11.3. *Lántaki* skal afhenda *staðfestingaraðila* skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, sbr. greinar 9.2 og 10, innan 14 daga frá því að endurskoðaður ársreikningur og kannaður 6 mánaða árshluta-reikningur liggur fyrir, samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í *samningi við staðfestingaraðila*.

#### 12. TRYGGINGAR

- 12.1. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu *veðtryggðra krafna* gefur *lántaki* út *tryggingarbréf* og hefur undirgengist *veðsamninginn* og skuldbundið sig til að hlíta þeim.
- 12.2. *Lántaki* hefur heimild til að breyta veðtryggingum að því gefnu að ákveðin skilyrði séu uppfyllt, sbr. greinar 12.3 og 12.4. Þær tegundir eigna sem hægt er að veðsetja undir *tryggingarbréfi* og *veðsamningi* á hverjum tíma skulu takmarkast við:
  - a) fasteignir (þannig að uppfylltar séu kvaðir skv. greinum 10.a) og 10.b);
  - b) innstæður á bankareikningi; og
  - c) fjármálagerninga skv. 2. tl. (a)(i) og (ii) 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi að undanskildum:
    - (i) eigin hlutum sem *lántaki* hefur eignast, sbr. VIII. kafli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög; og
    - (ii) skuldabréfum (eða öðrum skuldum á verðbréfaformi) útgefnum af *lántaka*.

- 12.3. *Lántaki* hefur heimild til þess að óska eftir því við *lánveitanda* að breytingar séu gerðar á veðsettum eignum, með því að tiltekna eignir séu leystar úr veðböndum og/eða viðbótareignir veðsettar. Að því marki sem ósk *lántaka*:
- a) felur ekki í sér að fasteign eða innstæðu á bankareikningi, sbr. greinar 12.2.a) og 12.2.b), sé skipt út fyrir fjármálagerninga, sbr. grein 12.2.c); og
  - b) varðar ekki *lykileignir*,
- skal *lánveitandi* verða við slíkri ósk, enda sé *lánapekja* eftir breytinguna ekki umfram 65% og slíkar breytingar hafa ekki í för með sér að brotið sé gegn kvöðum sem fram koma í grein 10.a) eða 10.b). Að því marki sem ósk *lántaka* varðar *lykileignir*, skal *lánveitandi* ekki hafna slíkri beiðni án málefnalegrar ástæðu, enda hafi breytingar ekki í för með sér að brotið yrði gegn framangreindum kvöðum.
- 12.4. Til þess að breytingar sem gerðar eru í samræmi við grein 12.3 taki gildi, skal *lántaki* afhenda *lánveitanda* skýrslu, staðfesta af *staðfestingaraðila*, sem staðfestir að framangreind skilyrði séu uppfyllt eftir breytingu, og *veðsalar* skulu undirrita öll nauðsynleg skjöl vegna breytingarinnar.
- 12.5. Ef breytingar í samræmi við grein 12.3 leiða til breytinga á *veðsölum* þá skal viðkomandi *veðsali* jafnframt afhenda *lánveitanda* og undirrita öll nauðsynleg skjöl vegna breytingarinnar.

### 13. YFIRLÝSINGAR LÁNTAKA

- 13.1. *Lántaki* lýsir því yfir sem fram kemur í gr. 13.2 - 13.6 gagnvart *lánveitanda*.

#### 13.2. Staða

*Lántaki* er félag, réttilega stofnað, í góðu horfi og er réttilega skráð samkvæmt íslenskum lögum. *Lántaki* ræður yfir eigin eignum og ræður sinni starfsemi eins og hún er rekin.

#### 13.3. Lögformlegar skuldbindingar

*Lánssamningurinn* myndar, eða þegar hann verður undirritaður í samræmi við ákvæði hans, mun mynda, lagalegar, gildar, bindandi og fullnustuhæfar skuldbindingar.

#### 13.4. Heimild

*Lántaki* hefur heimild til að gangast undir og standa við þær skuldbindingar sem *lánssamningurinn* felur í sér og þau viðskipti sem fjallað er um í *lánssamningnum*.

#### 13.5. Hagsmunaárekstrar

Aðild að, og efndir *lántaka* á *lánssamningnum*, brýtur ekki í bága við nein lög eða reglugerðir, dómsúrskurði eða úrskurði yfirvalda; né stofnaskjöl *lántaka*; eða neinum öðrum samningi eða löggæringi sem er bindandi fyrir *lántaka* eða eignir hans.

#### 13.6. Engin vanefndatilvik:

Engin vanefndatilvik eru til staðar og engin önnur atvik eða aðstæður eru uppi sem orsaka efnislega vanefnd samkvæmt neinu skjali sem skuldbindur *lántaka* eða einhverjar eignir hans, sem eru líklegar til að hafa efnislega neikvæð áhrif.

### 14. VANEFN DATILVIK

- 14.1. Þau atriði sem talin eru upp í greinum 14.2 - 14.8 skulu teljast „*vanefndatilvik*“ samkvæmt *lánssamningnum*.

#### 14.2. Greiðsludráttur

Hafi *lántaki* ekki innt af hendi útistandandi fjárhæð samkvæmt *lánssamningnum* 15 bankadögum eftir gjalddaga, nema í þeim tilvikum þar sem greiðsludrátt er alfarið að rekja til tæknilegra þátta er varða umsýslu, enda eigi greiðsla sér þá stað innan 15 bankadaga frá því að leyst var úr tæknilegum þáttum eða umsýsluatriðum, í báðum tilfellum á réttum stað og í réttum gjaldmiðli.

#### 14.3. Fjárhagsleg skilyrði, sérstök skilyrði og skilmálar

Ef *lántaki* uppfyllir ekki;

- (a) fjárhagsleg skilyrði, sbr. 9. gr.;
  - (b) sérstök skilyrði, samanber upplýsingakvaðir og almennar kvaðir skv. 7. gr. og 8. gr.; eða
  - (c) aðrar skyldur sínar samkvæmt *lánssamningnum tryggingarbréfa eða veðsamnings*;
- nema ef svo stendur á að;
- (i) hægt sé að bæta úr vanefndinni; og
  - (ii) bætt sé úr vanefndinni innan 35 bankadaga frá því að *lánveitandi* tilkynnir *lántaka* skriflega um vanefndina ellegar *lántaki* verður hennar var, hvort heldur gerist fyrr.

(Um úrbætur vegna brota á fjárhagslegum skilyrðum vísast til gr. 9.5.).

#### 14.4. Rangar yfirlýsingar

Ef yfirlýsing, staðfesting eða fullyrðing sem *lántaki* hefur gefið eða endurtekur í sambandi við *lánssamninginn*, sbr. 13. gr., reynist vera röng að einhverju verulegu leyti þegar hún er gefin eða talin vera gefin eða endurtekin, nema *lántaki* geti sýnt fram á að slíkar rangar yfirlýsingar eða staðfestingar hafi verið veittar fyrir mistök eða óviljandi og *lántaki* geti leiðrétt áhrif hinna röngu yfirlýsinga eða staðfestinga innan 35 bankadaga frá því að *lánveitanda* berst tilkynning þess efnis.

#### 14.5. Vanefndir annarra skuldbindinga

Ef *lántaki* innir ekki af hendi á gjalddaga greiðslu samkvæmt einhverjum samningi eða samningum sem leggur á *lántaka* greiðsluskyldu og samningurinn hafi annaðhvort verið gjaldfelldur eða gjaldfellingarheimild hefur myndast, enda sé samtala þeirra skulda sem gjaldfallnar eru eða heimilt er að gjaldfella hærri en 250.000.000 kr., nema réttlætanlegum mótmælum og eðlilegum vörnum sé haldið uppi af hálfu *lántaka*.

#### 14.6. Fullnustuaðgerðir

Ef árangurslaust fjárnám er gert hjá *lántaka*, komi fram ósk um gjaldprotaskipti á búi hans, óskað er eftir greiðslustöðvun eða *lántaki* leiti nauðasamninga eða eignir hans auglýstar á nauðungaruppboði, nema *lántaki* haldi uppi eðlilegum vörnum og beiðni eða ósk sem að framan getur eigi augljóslega ekki stoð í lögum.

#### 14.7. Ógjaldfærni

Ef staða *lántaka* verður slík að honum ber skylda, samkvæmt lögum um gjaldprotaskipti o.fl. nr. 21/1991, til að gefa bú sitt upp til gjaldprotaskipta.

#### 14.8. Sjálfskuldarábyrgðin

Ef *sjálfskuldarábyrgðin* hættir að vera í gildi á meðan skuld samkvæmt *lánssamningnum* hefur ekki verið greidd upp að fullu.

#### 14.9. Gjaldfelling

Ef *vanefndatilvik* hefur átt sér stað skal *lántaki*, án ástæðulauss dráttar eftir að honum varð kunnugt um *vanefndatilvikið*, senda tilkynningu um *vanefndatilvikið* til *lánveitanda*. Um leið og *vanefndatilvik* hefur átt sér stað og hvenær sem er eftir þann tíma, sé *vanefndatilvikið* enn fyrir hendi, er *lánveitanda* heimilt með tilkynningu til *lántaka* og án fyrirvara að lýsa því yfir að allt *lánið*, eða hluti þess, ásamt áföllnum vöxtum og aðrar ógreiddar fjárhæðir gagnvart lánveitanda samkvæmt *lánssamningnum* séu þegar í stað fallnar í gjalddaga og skulu slíkar fjárhæðir þá vera í gjalddaga fallnar.

#### 15. FRAMSAL

*Lántaka* og *lánveitanda* er óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt *lánssamningnum* án samþykkis gagnaðila. Kröfuhafaskipti sem eiga sér stað í tengslum við fullnustu veðréttinda yfir kröfum samkvæmt *lánssamningnum* skulu þó teljast heimil.

#### 16. SAMÞYKKI FYRIR BIRTINGU UPPLÝSINGA

*Lántaki* samþykkir fyrir sitt leyti að *lánveitandi* birti upplýsingar um *lántaka* og dótturfélög *lántaka* eftir því sem þörf krefur til að fullnægja upplýsingaskyldu *lánveitanda*.

#### 17. GILDI LÁNSSAMNINGSINS

Hafi *útgáfudagur* ekki átt sér stað fyrir 30. júlí 2021, fellur *lánssamningurinn* sjálfkrafa úr gildi á þeim degi og skulu þá skuldbindingar allra aðila *lánssamningsins* falla niður og réttaráhrif þess skulu vera þau sömu og ef *lánssamningurinn* hefði aldrei verið gerður. Hafi *tryggingarbréfum* verið þinglýst og *lánssamningurinn* fellur úr gildi í samræmi við framangreint skulu *lántaki* og *lánveitandi* hlutast til um að þeim verði aflýst án tafar.

#### 18. ANNAD

Allar breytingar sem gerðar eru á *lánssamningnum* skulu vera skriflegar og samþykktar af *lántaka* og *lánveitanda*.

#### 19. LÖG OG VARNARÞING

19.1. Um *lánssamninginn* gilda íslensk lög.

19.2. Ef ágreiningur rís um réttindi og skyldur aðila samkvæmt *lánssamningnum* skal mál vegna hans rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

*Lánssamningurinn* er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda einu eintaki. Öllu framanrituðu til staðfestingar rita *aðilar* nöfn sín hér að neðan í votta viðurvist.

## UNDIRSKRIFTARSÍÐA LÁNSSAMNINGSINS

***F.H. LÁNTAKA:***

---

---

***F.H. LÁNVEITANDA:***

---

---

Vottar að rétttri dags. og undirskrift:

---

Nafn og kt.

---

Nafn og kt.

**FYLGISKJAL I**  
**VERÐMAT VEÐSETTRA EIGNA**

**FASTEIGNIR SAMSTÆÐUNNAR**

Veðsettar fasteignir skal verðmeta í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana IFRS 13 um mat á gangvirði eigna og IAS 40 sem fjallar um fjárfestingareignir.

Verðmat fasteigna eins og það er birt í sérhverri skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, sbr. gr. 11 og samningi við staðfestingaraðila, skal haldast óbreytt þar til staðfestingaraðili hefur staðfest nýtt verðmat og því verða eingöngu þær eignir sem eru fjarlægðar eða bætt við hinar veðsettu eignir verðmetnar sérstaklega þegar það á við.

**BANKAREIKNINGUR LÁNTAKA**

Innstæður á bankareikningi skal verðmeta á bókfærðu virði þeirra á hverjum tíma

**VS-REIKNINGUR LÁNTAKA**

Verðbréf á VS-reikningi sem skráð eru í kauphöll skal verðmeta miðað við skráð gengi viðkomandi verðbréfa í dagslok daginn áður en ný skýrsla um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir er gefin út.

Ef um er að ræða eign í óskráðum verðbréfasjóðum skal verðmeta þá eign miðað við skráð innlausnarvirði hluta eða hlutdeildarskírteina í viðkomandi sjóði eins og það er skráð í dagslok daginn áður en ný skýrsla um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir er gefin út.

**FYLGISKJAL II.**  
**LISTI YFIR LYKILEIGNIR**

| <b>Fasteign</b>  | <b>Sveitarfélag</b> | <b>Fjöldi íbúða</b> | <b>Hlutfall af heildarfasteign eigu veðsala í</b> | <b>Fasteignamat 2021</b> |
|------------------|---------------------|---------------------|---------------------------------------------------|--------------------------|
| Eskivellir 13    | Hafnarfjörður       | 30                  | 100%                                              | 1.316.700.000            |
| Gerplustræti 1-5 | Mosfellsbær         | 31                  | 100%                                              | 1.424.950.000            |
| Lindargata 28    | Reykjavík           | 13                  | 40%•                                              | 404.850.000              |



**FYLGISKJAL III.**  
**LISTI YFIR VEÐSETTAR FASTEIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

| <b>Fastanúmer</b> | <b>Svæði</b>      | <b>Sveitarfélag</b> | <b>Póstnúmer</b> | <b>Heimilisfang</b> | <b>Íbúð nr.</b> |
|-------------------|-------------------|---------------------|------------------|---------------------|-----------------|
| 2364963           | Höfuðborgarsvæðið | Kópavogur           | 203              | Boðarþing 20        | 105             |
| 2364978           | Höfuðborgarsvæðið | Kópavogur           | 203              | Boðarþing 20        | 306             |
| 2364986           | Höfuðborgarsvæðið | Kópavogur           | 203              | Boðarþing 20        | 406             |
| 2364992           | Höfuðborgarsvæðið | Kópavogur           | 203              | Boðarþing 20        | 504             |
| 2365022           | Höfuðborgarsvæðið | Kópavogur           | 203              | Boðarþing 20        | 506             |
| 2308095           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 101             |
| 2308096           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 102             |
| 2308097           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 103             |
| 2354598           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 201             |
| 2354599           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 202             |
| 2354600           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 203             |
| 2308098           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 204             |
| 2308099           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 205             |
| 2308100           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 206             |
| 2308101           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 207             |
| 2308102           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 301             |
| 2308103           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 302             |
| 2308105           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 303             |
| 2308106           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 304             |
| 2308107           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 305             |
| 2308108           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 306             |
| 2308109           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 307             |
| 2308110           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 401             |
| 2308112           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 402             |
| 2308113           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 403             |
| 2308114           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 404             |
| 2308115           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 405             |
| 2308116           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 406             |
| 2308117           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 407             |
| 2308119           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 501             |
| 2308120           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 502             |
| 2308121           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 503             |
| 2308122           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 504             |
| 2308123           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 505             |
| 2308124           | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður       | 221              | Eskivellir 13       | 506             |
| 2505670           | Höfuðborgarsvæðið | Reykjavík           | 102              | Fálkahlíð 6         |                 |
| 2505674           | Höfuðborgarsvæðið | Reykjavík           | 102              | Fálkahlíð 6         |                 |
| 2505675           | Höfuðborgarsvæðið | Reykjavík           | 102              | Fálkahlíð 6         |                 |
| 2505676           | Höfuðborgarsvæðið | Reykjavík           | 102              | Fálkahlíð 6         |                 |
| 2331049           | Höfuðborgarsvæðið | Mosfellsbær         | 270              | Gerplustræti 1-5    | 101             |

|         |                   |             |     |                  |       |
|---------|-------------------|-------------|-----|------------------|-------|
| 2361019 | Höfuðborgarsvæðið | Mosfellsbær | 270 | Gerplustræti 1-5 | 102   |
| 2361020 | Höfuðborgarsvæðið | Mosfellsbær | 270 | Gerplustræti 1-5 | 103   |
| 2361021 | Höfuðborgarsvæðið | Mosfellsbær | 270 | Gerplustræti 1-5 | 104   |
| 2361022 | Höfuðborgarsvæðið | Mosfellsbær | 270 | Gerplustræti 1-5 | 105   |
| 2361023 | Höfuðborgarsvæðið | Mosfellsbær | 270 | Gerplustræti 1-5 | 106   |
| 2361024 | Höfuðborgarsvæðið | Mosfellsbær | 270 | Gerplustræti 1-5 | 107   |
| 2361025 | Höfuðborgarsvæðið | Mosfellsbær | 270 | Gerplustræti 1-5 | 108   |
| 2361026 | Höfuðborgarsvæðið | Mosfellsbær | 270 | Gerplustræti 1-5 | 109   |
| 2361027 | Höfuðborgarsvæðið | Mosfellsbær | 270 | Gerplustræti 1-5 | 201   |
| 2361028 | Höfuðborgarsvæðið | Mosfellsbær | 270 | Gerplustræti 1-5 | 202   |
| 2361029 | Höfuðborgarsvæðið | Mosfellsbær | 270 | Gerplustræti 1-5 | 203   |
